

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6, 845 Flúðum

Garðabær, 21. nóvember 2025
202510-0054/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 vegna Hrafnabjarga.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 vegna Hrafnabjarga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að lagfæra reit F20 og reiti SL8 þar sem þeir stangast á við gildandi skógræktaráætlun frá árinu 2016. Frístundasvæðið verður fært út af skógræktarsvæðum og upp í holtið þar sem ræktunarskilyrði eru lakari með tilliti til skógræktar. Jafnframt verður lagt mat á það hvort landbúnaðarland sem liggur nyrst í landareigninni henti fremur til skógræktar en frístundabyggðar í samræmi við sjónarmið sveitarstjórnar. Breytingin er jafnframt falin í því að breyta landbúnaðarsvæði í frístundasvæði og frístundasvæði í skógræktarsvæði. Frístundasvæðið F20 (39 ha) nær yfir hluta af landi Hrafnabjarga (14 ha) ásamt Álfabrekku (25 ha). Frístundasvæði innan Hrafnabjarga er óbyggt og ekkert deiliskipulag fyrir hendi.

Fuglalíf

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að á svæðinu sé töluvert fuglalíf og að þar verpi algengar varpfuglategundir. Greinargerðin fer þó ekki nánar yfir hvaða tegundir þetta eru og tekur ekki saman heildstæða lýsingu á fuglalífi eða þeim búsvæðum sem skipta máli við mat á áhrifum landnotkunar á fugla.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í eldri umsögnum stofnunarinnar um málið hafi þegar verið vakin athygli á því að svæðið er nýtt af mörgum mófuglategundum sem eru undir álagi samkvæmt nýlegum talningum á Suðurlandi. Í umsögn stofnunarinnar frá 17. maí 2024 og aftur í umsögn frá 10. júlí 2025 var m.a. bent á að mófuglategundir á borð við heiðlóu, lóupræl, spóa, þúfutittling og stelk hafa sýnt samfellda fækkun síðustu ár og að þessar tegundir eru viðkvæmar fyrir búsvæðaraski og breyttri landnotkun.

Í ljósi þess telur stofnunin mikilvægt að fuglalíf verði tekið fyrir með skýrari hætti í endanlegri tillögu. Því þarf að :

- taka saman hvaða fuglategundir nýta svæðið, þar á meðal hvort þar verpi tegundir sem teljast ábyrgðartegundir Íslands,

- gera grein fyrir tengslum vistgerða og fuglalífs, þar sem mófuglar nýta sérstaklega þær vistgerðir sem áður hefur verið bent á í umsögnum stofnunarinnar,
- tilgreina hvort skipulagssvæðið falli innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandi og hvernig tekið sé tillit til þess í skipulagsáformum,
- styðja betur við mat á áhrifum og rökstyðja þær ályktanir í greinargerðinni sem fjalla um að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að bæta greinargerðina með nánari upplýsingum um fuglalíf, m.a. með hliðsjón af athugasemdum stofnunarinnar á fyrri stigum málsins og þeim niðurstöðum fuglatalninga sem þegar liggja fyrir.

Með þessum hætti væri tryggt að áhrif skipulagsbreytingarinnar á fuglalíf séu metin á traustum gögnum og að tekið sé fullt tillit til þeirra fuglategunda sem eru undir álagi og háðar viðkvæmum búsvæðum innan svæðisins.

Í greinargerð er fullyrt að athugasemdir Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif byggji á misskilningi þar sem skógræktarsvæðið sé þegar til staðar og breytingin feli einungis í sér leiðréttingu á landnotkun. Náttúruverndarstofnun áréttar að athugasemdir stofnunarinnar lúta ekki að umfangi skógræktarinnar sem slíkri, heldur að áhrifum skógræktar á vistgerðir og búsvæði á svæðinu, þar á meðal búsvæði mófugla sem eru undir álagi samkvæmt nýjustu talningum.

Sú staðreynd að skógrækt hafi verið stunduð á svæðinu dregur ekki úr mikilvægi þess að meta hvernig fullvaxta skógur og jarðaráhrif hans hafi á vistkerfi og tegundir sem nýta þau. Það er vel þekkt að skógrækt getur haft veruleg jaðaráhrif á mófugla, dregið úr varptækifærum þeirra og breytt aðstæðum til fæðuöflunar.

Stofnunin leggur til að þetta verði tekið skýrt fyrir í greinargerð, þannig að rökstuðningur og mat á umhverfisáhrifum skógræktar sé skýrt fram sett og í samræmi við fyrirliggjandi gögn og eldri athugasemdir stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur